

„Ég heyrði Montalbon segja eitt sinn, í samtali við aðra“, sagði Mr. Barnes, „að hygginn þjófur bæri hinn stolna mun á sér, svo að ekki væri hægt að finna muninn án þess að hann (þjófurinn) vissi af því. Af þessari ástæðu var ég sannfærður um, að Montalbon mundi sjálfur fara eftir þeirri reglu. Þegar ræðurnar voru komnar svo langt hér í kvöld, að augsnilegt var, að öllu saman yrði ljóstað upp, þá lét maðurinn, sem er hér viðstaddur, gimsteininn ofan í rauðavíns-glas sitt, því þar var rúbininn vel falinn, í hinu samlita víni, og létt fyrir þjófinn að taka hann þar aftur, eða gleypa hann. Hann ætlaði sér einmitt að gleypa rúbininn dálftilli stundu síðar, en ég greip glas hans í fýti og drakk vínið úr því, og náði rúbininum þannig auðvitað upp í munninn á mér. Og svo tek ég yður nú fastann, Mr. Montalbon, í nafni réttvísinnrar“, bætti Mr. Barnes við og tók um leið utan um handlegginn á manninum, sem kallaði sig Thaurer. Þegar hinir aðrir gestir heyrðu þetta og sáu, stukku þeir allir á fætur í mikilli geðhræringu, því þeir áttu von á ryskingum. En öllum til mestu undrunar breiðði Thaurer (Montalbon) sig ekki hið minsta í nokkur augnablik, og síðan tók hann til máls og sagði, ofur hægt og skýrt:

„Herrar mínir, við höfum hlustað á ýmsar sögur hér í kvöld; viljið þið nú hlusta á mína sögu, og fella engan dóm í málinu í nokkrar mínútur?“

„Já, við skulum hlusta á sögu yðar“, sagði Mr. Mitchel, sem dádíst að hugrekki og taugastyrk.